

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála  
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni  
fjórða starfsárs 2006**

## 2006 Efnisyfirlit

	Bls.
Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála .....	3
Inngangur .....	4
Samstarfsaðilar og samstarfssamningar .....	4
Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála .....	4
Áherslur í starfi – stefna Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála .....	5
Helstu verkefni á árinu 2006: .....	5
1. Vefrit um stjórn mála og stjórnsýslu, rannsóknir .....	5
2. Rannsókn á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstarfsmanna .....	7
3. Handbók um stjórnunarmat í opinberum stofnunum .....	7
4. MPA-nám í opinberri stjórnsýslu .....	7
5. Erlent samstarf á árinu .....	8
6. Samstarf um stjórnsýsluréttarfræðslu .....	10
7. Opnir viðburðir; stjórnsýsla, alþjóðamál, stjórn málafræði .....	10
8. Endurmenntun fyrir opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga .....	10
9. Verkefni fyrir stjórn málafræðiskor .....	10
10. Fjármögnun á starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála .....	10
Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2006 .....	11
Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið og fræðslu ársins 2006 .....	15

**Háskóli Íslands**  
**Reykjavíkurborg**  
**Landspítali – háskólasjúkrahús**

**Meginmarkmið Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála** er að efla kennslu og rannsóknir í stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga. Stofnuninni er ennfremur ætlað að vera vettvangur umræðna um stjórn mála, stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, þar á meðal um hlutverk fjölmiðla og hagsmunahópa í opinberri stefnumörkun.

## Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hefur á fjórða starfsári sínu staðið fyrir fjölbreyttri starfsemi eins og ársskýrsla þessi ber með sér.

Eins og áður hefur stofnunin sinnt umfangsmiklum verkefnum í tengslum við kennslu á fræðasviði stofnunarinnar. Mikl aðsókn er ennþá að námi á meistarástigi í opinberri stjórnsýslu þrátt fyrir aukna samkeppni um nemendur. Auk stuðnings við meistaranámið hefur stofnunin staðið fyrir fræðslu af ýmsu tagi sem góð aðsókn er að.

Stofnunin hefur líka staðið – ein eða í samstarfi við aðra – að ráðstefnum og umræðufundum um stjórnsýslu og stjórnmál. Fundir og ráðstefnur stofnunarinnar eru orðin fastur liður í umræðu um stjórnmál og stjórnsýslu á Íslandi.

Stofnuninni hefur ennfremur í vaxandi mæli tekist það ætlunarverk sitt að stuðla að rannsóknum á fræðasviði sínu. Tímarit stofnunarinnar kemur út með reglubundnum hætti og dágóð aðsókn er að ýmsu efni þess, sem væntanlega verður vaxandi þegar fjöldi aðgengilegra greina vex. Hins vegar þarf einnig að gæta að því að kynna tímaritið vel og sjá um að jafnt áhugafólk, fræðafólk og fagfólk fái reglulega upplýsingar um efni þess. Auk tímaritsins stóð stofnunin fyrir mjög umfangsmikilli rannsókn á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstarfsmanna í samvinnu við Fjármálaráðuneytið og ParX. Stjórnandi verkefnisins er Ómar H. Kristmundsson, dósent við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands.

Alþjóðasamskipti eru vaxandi þáttur í starfi stofnunarinnar og hún tengist meðal annars umfangsmiklu Evrópuverkefni á sviði rafrænnar þátttöku. Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður stofnunarinnar, situr í stjórn verkefnisins af Íslands hálfu.

Haustið 2007 fagnar stofnunin fimm ára afmæli sínu. Ennþá vantar stofnunina myndarlegan vef og væri ef til vill ráð að bæta úr því á þeim tímamótum. Einnig mætti huga að frekari rannsóknarverkefnum. Málefni sveitarstjórnarstigsins gætu komið til álita í því efni. Vaxandi umræða er um íbúalýðræði í mörgum sveitarfélögum og æskilegt væri að Háskóli Íslands gæti verið þeim til leiðsagnar um þau flóknu álitaefni sem því tengjast. Eins vantar mjög rannsóknir á félagsauði sveitarfélaga og hvernig hann hefur þróast.

Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor  
formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

## Inngangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála var sett á stofn á grundvelli samþykktar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands frá 27. maí árið 2002. Stofnunin starfar á vegum stjórnmálafræðiskorar, en heyrir undir félagsvísindadeild. Í reglum sem samþykktar voru í deildinni segir í 1. grein: "Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga og vettvangur umræðna um stjórnmál og stjórnsýslu."

Á grundvelli þessarar greinar byggir starf stofnunarinnar, þ.e. sú viðleitni að byggja stjórnsýslufræði upp sem fag- og fræðigrein í íslensku samfélagi í samstarfi við sem flesta áhuga- og hagsmunaaðila utan Háskóla Íslands. Auka þannig skilning á mikilvægi stjórnsýslufræða og nauðsyn þess, að þar komi að bæði fræðimenn úr háskólum og öðrum rannsóknastofnunum, ásamt fagfólki úr stjórnsýslunni sjálfri og eftirlitsstofnunum með henni.

## Samstarfsaðilar, samstarfssamningar, rekstrargrundvöllur

Árið 2006 var fjórða starfsár stofnunarinnar. Í upphafi var leitað til Reykjavíkurborgar og Landspítala-háskólasjúkrahúss um samstarf og voru gerðir samningar til þriggja ára þar að lútandi á árinu 2002. Þeir samningar runnu út í árslok 2005, en voru endurnýjaðir til þriggja og fimm ára. Með samningi við Reykjavíkurborg til ársins 2010 má segja að starfsemi stofnunarinnar sé nokkuð vel tryggð þann tíma, takist áfram að afla þeirra viðbótar sérteknna sem þarf bæði fyrir föstum kostnaði og öllum breytilegum kostnaði. Af augljósum ástæðum er sérstök áhersla lögð á samstarf við þessa tvo aðila. Sér þess m.a. stað í námsskrá MPA-námsins, meistaranáms í opinberri stjórnsýslu, þar sem þróuð voru og boðin í samstarfi við þessa aðila námskeið um stjórnun og starfsumhverfi heilbrigðisstofnana og stjórnun og starfsumhverfi sveitarfélaga. Einnig hefur verið töluvert samstarf við Reykjavíkurborg, stjórnendur þar og sérfræðinga um stefnumörkun um íbúalýðræði, endurmenntun fyrir starfsmenn borgarinnar, skipulögð voru í samstarfi við Reykjavíkurborg á árinu málþing, námskeið og opnir fundir, eins og fram kemur í viðauka. Fulltrúar stofnunarinnar hafa setið í síðanefnd stjórnsýslurannsókna hjá LSH, forstöðumaður hefur verið forstöðumanni starfsmannasviðs LSH til ráðgjafar eftir óskum þess síðarnefnda og var m.a. samstarf um námskeið með erlendum fyrirlesara í september. Auk þess er skipulagt í samstarfi við stjórnendur og sérfræðinga LSH námskeið í MPA-námi um stjórnun í heilbrigðiskerfinu, en það sækja bæði innritaðir MPA-nemar og starfsmenn LSH sem fá það metið til eininga, sem þeir geta nýtt kjósi þeir síðar að innritast í meistaranám við H.Í. LSH átti ennfremur sérstaka aðild að rannsókn stofnunarinnar ofl. á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna sem sagt er nánar frá á bls. 6. Frá upphafi hefur það verið stefna stofnunarinnar að vinna að sínum markmiðum í samstarfi við hagsmunaaðila í samfélaginu; fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend, eftir því sem tilefni gefast. Þegar hefur tekist reglulegt og gott samstarf við fjölmarga aðila, svo sem Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Samband íslenskra sveitarfélaga, embætti umboðsmanns Alþingis, Ríkiskaup, Ríkisendurskoðun, forsætis-, og fjármálaráðuneyti, erlend sendiráð, áhugamannasamtök sem starfa á verksviði stofnunarinnar eins og Evrópusamtökin og Heimssýn, Varðberg, Samtök um vestræna samvinnu, auk ýmssa opinberra stofnana og ráðgjafarfyrirtækja sem vinna með opinberum aðilum. Einnig hefur verið lögð áhersla á samstarf við erlenda aðila og var það starf umtalsvert á árinu 2006 eins og fram kemur síðar í skýrslunni.

## Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

Í stjórn stofnunarinnar hafa setið frá upphafi þau Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, formaður, Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði og Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, tilnefndir af stjórnmálafræðiskor, Helga Jónsdóttir bæjarstjóri í Fjarðabyggð, áður sviðsstjóri stjórnsýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar, tilnefnd af Reykjavíkurborg, Magnús Pétursson forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss, tilnefndur af LSH og Páll S. Hreinsson prófessor í lögum, sem er tilnefndur af rektor Háskóla Íslands. Forstöðumaður er Margrét S. Björnsdóttir þjóðfélagsfræðingur og MPA. Stofnunin hefur aðsetur og starfsaðstöðu í húsnæði félagsvísindadeildar í Odda, v/Sturlugötu.

## Áherslur í starfi – stefna Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála leitast við að rækja hlutverk sitt, sem lýst var hér á undan með eftirfarandi hætti:

Efla framhaldsnám, hagnýt námskeið, rannsóknir og þróunarverkefni á sviði stjórnsýslufræða og stjórnmálafræði, m.a. með því að leita samstarfs við hagsmuna- og fagaðila innanlands og erlendis. Stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórnmála og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum.

Efla tengsl fræðasamfélagsins í Háskóla Íslands við forystumenn í þjóðlífi; stjórnmálamenn, embættismenn, forystumenn atvinnulífs og hagsmunasamtaka. Er það gert m.a. með sameiginlegum verkefnum, námskeiðum og ráðstefnum. Stofnunin leitast við að vera vettvangur sameiginlegra umræðna þessara aðila um opinbera stjórnun og stefnumörkun, stjórnmál, stjórnmálasögu og stjórnmálafræði.

Kynna og gefa út niðurstöður rannsókna á verksviði stofnunarinnar.

Veita stjórnmálafræðiskor þjónustu s.s. aðstoð við þróun framhaldsnáms. markaðsstarf, aðstoð við öflun styrkja til framhaldsnáms og framhaldsnema, svo og fræðslufundi og námskeið fyrir nemendur og kennara.

## Helstu verkefni á árinu 2006

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála, en auk þeirra var unnin fjöldi smærri verkefna.

Ljóst var frá upphafi að starf stofnunarinnar myndi einkum byggja á samstarfi við kennara stjórnmálafræðiskorar, samstarfsaðila um stofnunina, kennara lagadeildar á sviði stjórnsýslu, auk samstarfsaðila og bandamanna utan Háskóla Íslands. Því var mótuð sú stefna að leita í sem flestum verkefnum eftir samstarfsaðilum meðal þeirra sem eiga hagsmuna að gæta varðandi uppbyggingu fræðslu, rannsókna og þróunar íslenskrar stjórnsýslu og stjórnmála. Í því sem talið er upp hér á eftir hefur stofnunin notið fjárstuðnings fjölda stofnana, vinnuframlags einstaklinga, auk beins og óbeins stuðnings þeirra aðila sem standa að stofnuninni. Er ljóst að án þess væri þetta umtalsverða umfang starfseminnar ekki mögulegt.

### 1. Vefrit um stjórnmál og stjórnsýslu - Rannsóknir

Í desember 2005 gaf stofnunin út fyrsta tölublað Vefrits um Stjórnmál og stjórnsýslu:

[www.stjornmaloogstjornsysla.is](http://www.stjornmaloogstjornsysla.is) Á árinu 2006 komu út tvö tölublöð á vefnum og gefinn út prentaður ritrýndi hluti 1. tölublaðs frá 2005. Sá gegnir hlutverki fræðitímarits í stjórnmála- og stjórnsýslufræðum, en slíkt rit hefur ekki verið til staðar hingað til. Vefritinu Stjórnmál og stjórnsýsla er ætlað að gefa stjórnmála- og stjórnsýslufræðingum kost á að gera rannsóknir sínar aðgengilegar og auka þannig fræðilega umfjöllun. Askrifendum var safnað og er ritið nú fáanlegt á öllum helstu bókasöfnum og mörgum stofnunum. Það er auk þess til sölu í helstu bókabúðum.

Í vefútgáfunni eru eftirtaldir efnisflokkar; ritrýndar fræðigreinar, greinar almenns eðlis um stjórnmál og stjórnsýslu, bókadómar, útdrættir úr lokaritgerðum BA- og MPA-nema, auk doktorsritgerða, stjórnmála- og stjórnsýslufræðingatal, upplýsingar um opna fundi, námskeið og málþing sem á döfinni eru hverju sinni, ásamt tenglum er varða fagsvið stjórnmála- og stjórnsýslufræða s.s. fræðitímarit sem aðgengileg eru á vefnum, samtök stjórnmálafræðinga o.fl. Félag stjórnmálafræðinga og Félag stjórnsýslufræðinga á Íslandi hafa einnig heimasvæði sitt á vefnum.

### Ritstjórn

Ritrýndur hluti: Arnar Þór Mátsson, M.Sc. í stjórnmálafræði, Gunnar Helgi Kristinsson, Ph.D. í stjórnmálafræði. Almennur hluti: Margrét S. Björnsdóttir, MA í félagsfræði og MPA. Vefritstjóri: Haukur Arnþórsson, MPA og doktorsnemi við stjórnmálafræðiskor H.Í.

Ráðgefandi ritstjórn: Auðunn Arnórsson, MA í sagnfræði og stjórnmálafræði og D.E.E.A í Evrópufræðum, Baldur Þórhallsson, Ph.D. í stjórnmálafræð, Brynhildur Ólafsdóttir, MA í stjórnmálafræði, Davíð Logi Sigurðsson, MA í írskum fræðum og – stjórnmálum, Eiríkur Bergmann Einarsson, Cand.Scient. Pol. og doktorsnemi við stjórnmálafræðiskor H.Í., Grétar Þór Eypórsson, Ph.D. í stjórnmála- og stjórnsýslufræðum, Guðmundur Heiðar Frímansson, Ph.D. í siðfræði, Hanna Birna Kristjánsdóttir, MA í stjórnmálafræði, Helga Jónsdóttir, cand. jur., Indriði H. Indriðason, Ph.D. í stjórnmálafræði, Jóhann M. Hauksson, Ph.D. í stjórnmálafræði, Magnús Pétursson, hagfræðingur, Ólafur Þ. Harðarson, Ph.D. í stjórnmálafræði, Ólafur Þ. Stephensen, M.Sc. í alþjóðastjórnmálum, Ólafur Þór Gylfason M.Sc. í aðferða- og tölfraði, Ómar H. Kristmundsson, Ph.D. í stjórnsýslufræðum, Páll Hreinsson, dr.juris, Róbert Ragnarsson, MA í stjórnmálafræði, Silja Bára Ómarsdóttir, MA í alþjóðasamskiptum, Stefanía Óskarsdóttir, Ph.D. í stjórnmálafræði, Steinunn Halldórsdóttir, EMPA í stjórnsýslufræðum, Svanborg Sigmarsdóttir, MA í stjórnmálafræði, Svandís Nína

Jónsdóttir, M.Sc. í stjórnmálafræði og doktorsnemi við stjórnmálafræðiskor H.Í. og Þorsteinn Magnússon, Ph.D. í stjórnmálafræði.

### **Stjórnmál og stjórnsýsla 1. tbl. 2. árgangs 2006, útg. maí:**

Í ritrýnda hluta tölublaðsins voru eftirtaldar greinar; Pólítískar stöðuveitingar á Íslandi eftir Gunnar Helga Kristinsson prófessor við H.Í., Fylgisbreytingar í aðdraganda borgarstjórnarkosninga vorið 2002 eftir Guðmund B. Arnkelsson dósent H.Í., greinin Forveri forseta. Konungur Íslands 1904-1944 eftir Helga Skúla Kjartansson dósent K.H.Í., Leikstjóri, leikari eða áhorfandi? Forsetinn og stjórnarmyndanir eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing og Fiskurinn eða fullveldið? eftir Eirík Bergmann Einarsson dósent við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Í almenna hlutanum sem ekki er ritrýndur voru eftirtaldar greinar; “The Use of Armed Force, Weapons of Mass Destruction and the UN” eftir Hans Blix formann nefndar gegn geyðingavopnum (WMDC), en hún byggir á erindi sem hann flutti hér á landi í apríl s.l., greinin Löggjöf um opinberar starfsveitingar eftir Ásmund Helgason lögfræðing og stundakennara við H.Í., Geta aðferðir mannaútsjórnunar aukið gæði ráðninga hjá hinu opinbera? eftir Gylfi Dalmann Aðalsteinsson lektor H.Í., Forsetaembættið og stjórnarskráin í sögulegu ljósi eftir Björgu Thorarensen prófessor, Staða utanríkismálanefndar Alþingis í ljósi Íraksmálsins eftir Bjarna Már Magnússon lögfræðing, Straumar, stjórnleysi og stefnurek eftir dr. Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur stjórnsýslufræðing og greinin “Sá veit gjörst hvar skórinn kreppir sem hefur hann á fætinum” eftir Braga Guðbrandsson forstöðumann Barnaverndarstofu.

### **Stjórnmál og stjórnsýsla 2. tbl. 2. árgangs 2006, útg. 14. desember:**

Í ritrýnda hluta tölublaðsins voru eftirtaldar greinar; Gunnar Helgi Kristinsson skrifar grein um sjálfstæði ráðherra á Íslandi og þingræðisregluna, m.a. í hverra umboði starfa ráðherra. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson skrifar um verkföll og verkfallatiðni á íslenskum vinnumarkaði, þar sem ma. kemur fram að verkföll hafa dregist saman á almennum vinnumarkaði, en aukist hjá hinu opinbera. Eru verkfallsdagar opinberra starfsmanna nær helmingur allra verkfallsdaga, þó þeir séu ekki nema um 20% vinnumarkaðarins. Settar eru fram skýraningar á þeirri þróun. Stefán Ólafsson skrifar grein um aukinn ójöfnuð á Íslandi og áhrifavalda þar á ma. launaþróun almennt og skattastefnu íslenskra stjórnvalda. Þetta byggir Stefán á nýjum gögnum og ber síðan saman við það sem er að gerast í öðrum löndum. Baldur Þórhallsson skrifar grein um íslenska utanríkisstefnu frá árinu 1994 og það hvernig hún hafi breyst í átt til aukinnar virkni í alþjóðakerfinu, sem skýrt er með breyttum áherslum stjórnvalda og alþjóðlegum þrýstingi.

Í almenna hlutanum sem ekki er ritrýndur voru eftirtaldar greinar; Michel T. Corgan skrifar grein sem nefnist “Free at last” og fjallar um þær aðstæður sem skapast við brottför Bandaríkjahers frá Íslandi. Auðunn Arnórsson skrifar um efnið “Hvað býður Evrópa? Um varnarþarfir Íslands og öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins”. Davíð Logi Sigurðsson skrifar greinina ““Borgaralegi páfinn” stígur af sviðinu – Kofi Annan, arfleifð hans og arftaki”. Lárus Jónsson skrifar um hafréttarlegan ágreining Íslendinga og Norðmanna um smuguveiðar og fiskverndarsvæði Norðmanna við Svalbarða og loks er í tímaritinu grein eftir Þröst Frey Gylfason, sem nefnist “Skipulögð umfjöllun á Íslandi um öryggis- og alþjóðamál eftir brothvarf varnarliðsins. Í tölublaðinu er einnig að finna ellefu bókadóma um nýjar og nýlegar bækur um stjórnmál og tengd efni: Í tímaritinu er einnig að finna ellefu bókadóma um nýjar og nýlegar bækur. Bækur og gagnrýnendur að þessu sinni eru: Óvinir ríkisins e. Guðna Th. Jóhannesson (Ólafur Þ. Stephensen), Íslenska stjórnkerfið e. Gunnar Helga Kristinsson (Stefanía Óskarsdóttir), Jón Arason: Ljóðmæli, inngangur e. Ásgeir Jónsson (Ólafur Þ. Harðarson), Ólafía – ævisaga Ólafu Jóhannsdóttur e. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur (Auður Styrkarsdóttir), Skáldalíf – Ofvitinn úr Suðursveit og Skáldið á Skriðukalustri e. Halldór Guðmundsson (Guðmundur Ólafsson), Fall Berlínar 1945 e. Antony Beevor (Arnar Þór Másson), Upp á Sigurhæðir – saga Matthíasar Jochumssonar e. Þórunni Erlu Valdimarsdóttur (Ásdís Káradóttir), Brave New Ballot e. Aviel D. Rubin (Haukur Arnþórsson), Við öll – íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum e. Steingrím J. Sigfússon (Róbert Haraldsson), Stelpan frá Stokkseyri – saga Margrétar Frímannsdóttur e. Þórunni Hrefnu Sigurjónsdóttur (Heiðar Örn Sigurfinnsson), Draumalandið – sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð e. Andra Snæ Magnason (Guðmundur Heiðar Frímannsson).

## **2. Rannsókn á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstarfsmanna**

Árin 2006 – 07 tekur Stofnun stjórnsýslufræða þátt í viðamikilli rannsókn á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Stjórnandi rannsóknarinnar er Ómar H. Kristmundsson dósent, sem stýrði hliðstæðri rannsókn árið 1998. Könnunin var framkvæmd í nóvember og desember síðastliðnum og að baki niðurstöðunum liggja

svör tæplega 10 þúsund ríkisstafsmanna sem starfa hjá 144 stofnunum ríkisins. Könnun meðal 200 forstöðumanna fer fram í mars og apríl 2007. Rannsóknin beinist að stjórnun og stjórnunartengdum þáttum, mannauðsstjórnun ríkisstofnana og starfsaðstæður ríkisstafsmanna, þ.á.m. starfsánægju, endurgjöf, vinnuálag, viðhorf til stofnanamenningar og forystu. Samstarfsaðilar voru fjármálaráðuneytið og ParX viðskiptaráðgjöf IBM. Niðurstöðurnar veita ráðuneytum og stofnunum mikilvægar upplýsingar sem nýtast við mótun áherslna í starfsmannamálum og við áframhaldandi þróun stjórnunaraðferða. Könnunin hefur jafnframt fræðilegt gildi á sviði opinberrar stjórnsýslu. Nánari upplýsingar eru á vef fjármálaráðuneytisins: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/almennt/konnun/>

### 3. Handbók um stjórnunarmat

Á árinu 2006 var gefin út sem tilraunaútgáfa í samráði við fjármálaráðuneytið handbókin *Stjórnunarmat hjá opinberum stofnunum – grundvöllur umræðu og þróunar*. Með aðstoð handbókarinnar geta stjórnendur eða starfsmannastjórar framkvæmt mat innan eigin stofnunar. Í henni eru vel útfærðar leiðbeiningar um undirbúning, framkvæmd (þ.á.m. spurningalistar) og eftirfylgni stjórnendamats. Stjórnunarmat getur verið tæki til að: 1. setja stjórnunarhætti á dagskrá í opinberum stofnunum, 2. móta um þá stefnu og gildismat, 3. skapa sameiginlegan skilning og vitund innan stofnunar um það hvað séu góðir stjórnunarhættir, 4. og loks bæta stjórnunarhætti og samstarf innan stofnunar m.a. á grundvelli niðurstaðna könnunarinnar. Handbókin var samin af þeim Ómari H. Kristmundssyni og Margréti S. Björnsdóttur. Til hliðsjónar var sams konar handbók sem starfsmannaskrifstofa danska fjármálaráðuneytisins hefur þróað og sem er notuð af fjölda þarlendra stofnana en allt frá árinu 1990 hefur stjórnunarmat verið framkvæmt í dönskum ríkisstofnunum. Margrét og Ómar héldu á árinu þrjú endurmenntunarnámskeið þar sem handbókin var kynnt. Á árinu 2007 verður hún uppfærð og gefin út á endanlegu formi með hliðsjón af áðurgreindri rannsókn á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstafsmanna.

### 4. MPA-nám í opinberri stjórnsýslu

Sem fyrr er efling meistaranáms í opinberri stjórnsýslu eitt mikilvægasta verkefni stofnunarinnar í samstarfi við stjórn málafræðiskor og námsnefnd MPA-námsins. Árangur er mjög góður, en um tvö hundruð manns stundudu námið á árinu 2006, flestir að vísu með starfi og því í hlutanámi. Milli 30 og 40 nemendur víðs vegar um landið og sumir erlendis, stunda námið í fjarnámi. Hér á eftir eru taldir upp helstu verkþættir MPA-námsins sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur komið að eða alfarið séð um á árinu 2006:

**Fjarnám í opinberri stjórnsýslu:** Stofnun stjórnsýslufræða hefur alfarið séð um þennan þátt í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Þróuð hefur verið aðferð við að gefa fólki úti á landi kost á að stunda diplómanám í opinberri stjórnsýslu í fjarkennslu í gegnum netið eða með staðbundnum lotum. Smám saman hefur námskeiðum verið fjölgað sem boðin eru á þessu formi og eru þau nú amk. þrjú á hverju misseri. Var viðbótarkostnaður vegna þessa fjármagnaður með styrkjum sem Stofnun stjórnsýslu- og stjórn málafræða aflaði.

**Markaðssetning – námskrárþróun:** Auk árlegrar endurskoðunar og –útgáfu á kynningarbaklingi MPA-námsins var stuðlað að fjölmiðlaumfjöllun og séð um beina markaðssetningu á náminu til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, stjórn málafræðinga, félaga háskólamenntaðra o.fl.

#### Námskeið um opinber innkaup

Á vormisseri 2006 var haldið í fyrsta skipti MPA-náminu, námskeið um opinber innkaup í samstarfi við Ríkiskaup. Er það raunar í fyrsta skipti sem slíkt námskeið er kennt við háskóla hérlendis, en erlendis er þetta víða kennslugrein með fjölda námskeiða. Lagði Ríkiskaup til sína helstu sérfræðinga sem kennara og auk MPA-nema buðu þeir starfsfólki sínu og hópi innkaupastjóra opinberra stofnana að sitja námskeiðið. Námskeiðið var ennfremur kynnt meðal meistaranema í viðskipta-, verkfræði- og lagadeild. Tókst þetta vel og var ákveðið að halda samstarfinu áfram.

**Þjónusta við MPA-nemendur:** Auk þjónustu skrifstofu félagsvísindadeildar er þörf fyrir margs konar þjónustu og námsráðgjöf við nemendur í opinberri stjórnsýslu, sem stofnunin hefur leitast við að sinna. Á árinu 2006 má m.a. nefna inngangsnámskeið fyrir nýja nemendur í námstækni, ritgerðasmíð, heimildaöflun og -notkun.. Sjá

einnig það sem greint er frá hér í kaflanum um erlent samstarf þar sem sagt er frá starfsnámi í Evrópulöndum og styrkjaöflun fyrir MPA-nema.

**Námskeið fyrir kennara MPA-námsins:** Skipulagt var námskeið í kennslutækni og kennsluvefsnotkun fyrir kennara MPA- og alþjóðasamskiptanámsins og stjórn málafræðiskorar, í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.

### **Meistaránám í alþjóðasamskiptum**

Haustið 2005 hófst nýtt meistaránám í alþjóðasamskiptum við stjórn málafræðiskor. Stofnun stjórnsýslufræða tók virkan þátt í undirbúningi og kynningu þess. Eitt af áhersluatriðum í stefnu Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er eins og áður gat, þróun meistaránáms á sviði stjórnsýslu og stjórn mála. Ekki er hægt að fjalla um opinbera stjórnsýslu án stjórn mála og staðreynd er að stjórnsýsla þjóðríkja verður æ tengdari alþjóðastofnunum, alþjóðlegum samtökum og –skuldbindingum, auk þróunar alþjóðamála almennt. Mun þetta nýja nám bjóða uppá margs konar nýja val- og sérhæfingarmöguleika fyrir þá sem stunda meistaránámið í opinberri stjórnsýslu og öfugt.

### **Félag stjórnsýslufræðinga og kynning á lokaverkefnum, MPA-dagurinn**

Í maí fór fram í fyrsta skipti svo nefndur MPA-dagur. Þar kynntu þeir sem útskrifuðust höfðu veturinn 2005 – 2006 sín lokaverkefni. Öllum nemendum var boðið, auk þess sem kynningin var kynnt eins og kostur var. Líklega þarf þó í framtíðinni að kaupa veglegar auglýsingar, eigi þetta að ná til stærri hóps. Sama dag stofnuðu útskrifaðir MPA-nemar Félag stjórnsýslufræðinga og var Ingibjörg Ásgeirsdóttir forstöðumaður Námsgagnastofnunar kosinn formaður til tveggja ára. Hlutverk félagsins er að stuðla að því að félagsmenn og aðrir áhugamenn um stjórnsýslufræði njóti fræðslu og endurmenntunar, að kynna menntun félagsmanna og efla ímynd þeirra og að efla kynni og tengsl félagsmanna. Mun félagið starfa í nánnum tengslum við Stofnun stjórnsýslufræða og forstöðumaður verða því innan handar eins og kostur er.

## **5. Erlent samstarf á árinu 2006**

Fyrir tiltölulega ungt og fámennt fræðasvið eins og opinbera stjórnsýslu er mikilvægt að fylgjast með því sem gerist á erlendum vettvangi. Frá upphafi hefur því verið lögð áhersla á að bjóða til landsins erlendum fræði- og fagmönnum á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórn mála. Ennfremur að skapa tengsl við norræna og evrópska skóla og samtök á sviði stjórnsýslufræða. En að auki er reynt að festa varanlega í sessi samstarf við Háskóla og stofnanir erlendis.

### **“DEMO-net The e-Participation Network” 2006-2009**

Stærsta erlenda samstarfsverkefnið til þessa er Demo-net, evrópskt samstarfsnet um “öndvegis” aðferðir og rannsóknir á sviði rafrænnar þátttöku; <http://www.demo-net.org/demo>  
Verkefnið hófst á vormánuðum 2006 og er það alfarið fjármagnað með styrk frá Evrópusambandinu til amk. næstu fjögurra ára. Markmið þess er að styrkja lýðræðið og þátt borgaranna í opinberri ákvarðanatöku að teknu tilliti til mismunandi staðbundinna þarfa á rafrænni stjórnsýslu og þátttöku.  
Samstarfsaðilarnir, sem eru 19 háskólar og svæðasamtök sveitarfélaga frá 11 Evrópulöndum, munu á tímabilinu vinna sameiginlega að eftirfarandi verkefnum; safna saman og gera aðgengilegar upplýsingar um rannsóknir, árangursríka starfshætti og verkefni á sviði rafrænnar þátttöku og lýðræðis, stuðla að auknu samstarfi fræðimanna og doktorsnema á þessu sviði, leitast við að auka samstarf um, gæði og nýsköpun í rannsóknum á rafrænni þátttöku, rannsóknum sem í dag eru dreifðar og brotkenndar og loks stuðla að auknu samstarfi háskóla og opinberrar stjórnsýslu um rannsóknir og hagnýtingu þeirra. Í þessum verkefnum byggir DEMO-net á víðtækri reynslu leiðandi fræði- og fagmanna frá þessum 11 Evrópulöndum.  
Samstarfsnetið hefur hlotið til næstu fjögurra ára um 550 milljón króna styrk frá ESB (600.000.- Evra), af því fær Ísland um 16 milljónir auk styrkja til doktorsnema og fyrirlestra sem sækja verður um sérstaklega.  
Stofnun stjórnsýslu- og stjórn málafræða er aðili að samstarfsnetinu, ekki síst vegna mikils undirbúningsstarfs Ástu Þorleifsdóttur ráðgjafa á þessu sviði og MPA-nema. Ásta og Haukur Arnþórsson doktorsnemi eru starfsmenn verkefnisins af Íslands hálfu á næstu fjórum árum. Margrét S. Björnsdóttir situr í stjórn verkefnisins og hefur með höndum stjórnunarlega þætti þess hér á landi og í samskiptum við samstarfsaðila.

### **Samstarfsnet um kennslu og þróun reglu-umhverfis rafrænnar stjórnsýslu og réttarfars**



Á árinu gerðist stofnunin fyrir tilstuðlan og þátttöku Hauks Arnþórssonar dr. nema í stjórnsýslufræðum aðili að evrópsku Erasmus samstarfsneti; LEFIS-LEgal Framework For The Information Society: <http://www.lefis.org/> Aðilar eru alls 140 háskólar og stofnanir sem starfa á þessu sviði. Tilgangur samstarfsnetsins, sem er þverfaglegt, er að gera háskólum kleift að þróa sameiginlega námskeið um löggjöf og regluverk til að mæta nýjum aðstæðum upplýsingasamfélagsins. Ennfremur að standa sameiginlega að rannsóknum og tillögum varðandi regluverk og stjórnsýslu sem tekur mið af nýjum kröfum upplýsingasamfélagsins. Um ætlaðan árangur þess segir á heimasíðu verkefnisins þar sem er að finna allar upplýsingar um starfsemi og afurðir þess; “it is expected to improve the current legal education practices by adapting them to the new social, political and regulative environment, whereby legal education is broadly conceived as covering related technological, social, economic, ethical, and policy-making issues.” Í júlí 2007 verður haldin ráðstefna á vegum samstarfsnetsins á Íslandi og mun Stofnun stjórnsýslufræða sjá um framkvæmd; “Seminar on Legal Informatics and E-Governance as Tools for the Knowledge Society”

#### **“Nordic-Baltic-Russian Ph.D. Network of Democratic Governance”**

Á árinu 2005 og 2006 stóð samstarf Stofnunar stjórnsýslu- og stjórnmálafræða við háskólaeildir í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Rússlandi og Eystrasaltslöndum um námskeiðahald og vef-stuðningsumhverfi fyrir doktorsnema og um að efla tengsl milli þeirra. Fengust norrænir styrkir til að kosta samstarfið þ.á.m. 3-4 námskeið árlega fyrir doktorsnema í stjórnsýslu- og stjórnmálafræðum. Áttu doktorsnemar í rannsóknatengdu námi stjórnmálafræðiskorar eiga kost á þátttöku sér að kostnaðarlausu, þar með talinn ferða- og uppihaldskostnað. Á árinu 2006 voru tvö námskeið haldin og sótti einn dr. nemi úr stjórnmálafræðiskor seminarið. Þetta samstarf varð til innan EPAN, European Public Administration Network, sem er samstarfsnet háskóla í Evrópu er bjóða nám í opinberri stjórnsýslu.

#### **Þróunarverkefni í samráði við danska fjármálaráðuneytið**

Fyrir milligöngu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins var tekið upp samband við danska fjármálaráðuneytið og leitað eftir aðgangi Stofnunar stjórnsýslufræða að þeirra útgáfu- og þróunarverkefnum á sviði opinberrar stjórnunar. Fyrsta verkefnið var eins og fyrir var greint frá að þýða og staðfæra handbók og spurningalista um stjórnunarmat. Hefur það verið gert og var tilraunaútgáfa kynnt á þremur endurmenntunarnámskeiðum, en lokaútgáfa verður gefin út á árinu 2007 í samstarfi við íslenska fjármálaráðuneytið. Til landsins kom ennfremur einn þróunarstjóra danska fjármálaráðuneytisins Elisabeth Hvaas og kynnti nýsamþykktar starfsreglur um góða stjórnunarhætti, sem þróaðar hafa verið fyrir 500 ædstu stjórnendur danska ríkisins, svæða og sveitarfélaga, Kodex for god offentlig topledelse.

#### **Evrópskir og norrænir stjórnsýsluskólar**

Flest evrópsk ríki starfrækja sérstaka stjórnsýsluskóla sem bjóða grunn- og/eða endurmenntunarnám fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Þessir skólar eða forstöðumenn þeirra hafa með sér samtök, norræn, evrópsk og einnig alþjóðleg. Samtökin eru: the International Association of Schools and Institutes of Administration (IASIA), Directors of European Institutes and Schools of Public Administration og The Nordic Civil Servant Training Institutes Network.

Til þessa hefur starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins verið tengiliður þessara samtaka hérlendis, en hefur óskað eftir því að Stofnun stjórnsýslu- og stjórnmálafræða komi þar að ásamt ráðuneytinu. Hefur forstöðumaður sótt fund norrænu og evrópsku samtakanna. Augljóst er af þeim fundum að töluverð gerjun er varðandi rekstrarform þessara skóla og þeir víða að verða sjálfstæðari og sjálfbærari stofnanir en áður.

Þann 31. ágúst og 1. september 2006 héldu norrænu samtökin árlega ráðstefnu sína í Háskóla Íslands og sá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála um fundinn, sem haldinn var í Odda.

#### **Viðurkenningar v. starfsnáms í Evrópulöndum á Leonardóstyrkjum fyrir MPA-nema**

Í samstarfi við háskóla í Evrópu úr samstarfsnetinu EPAN; European Public Administration Network, hafa fengist frá og með árinu 2003 alls átta þriggja mánaða Leonardo-starfsmenntastyrkir fyrir MPA-nemendur Háskóla Íslands til starfsnáms í einhverju Evrópulanda. Hafa fimm nemendur nýtt sér styrkina, en þrír eru til ráðstöfunar árin 2006-08. Á móti hafa komið hingað fimm nemendur frá Litháen og Póllandi. Mikið starf fylgir styrkumsóknnum, umsjón með skiptinemunum einkum þeim sem hingað koma, svo og skýrslugerð til ESB v. styrkjanna. Það starf er allt unnið af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

Á árinu 2006 var Stofnun stjórnsýslufræða tilnefnd til evrópskra gæðaverðlauna fyrir þessi verkefni, sem þóttu athyglisverð og í nóvember fékk stofnunin sérstaka viðurkenningu Leónardó á Íslandi fyrir verkefnið, sem þóttu til fyrirmyndar.

## **6. Samstarf við forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna, Reykjavíkurborg og Lagastofnun H.Í. um fræðslu um stjórnsýslurétt**

Í þriðja skipti stóð Stofnun stjórnsýslu- og stjórn málafræða að sex vikna ítarlegu námskeiði um stjórnsýslurétt í samstarfi við forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Lagastofnun H.Í. Auk þess var haldið sams konar námskeið fyrir starfsfólk þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar, en starfsfólki annarra sveitarfélaga var einnig gefinn kostur á að sækja það námskeið. Kennarar voru þeir Páll Hreinsson, prófessor, Róbert Spanó, prófessor, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, Þórður Sveinsson lögfræðingur hjá Persónuvernd, Kjartan Bjarni Björgvinsson lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis og Trausti Fannar Valsson doktorsnemi og stundakennari við H.Í. Undirtektir voru mjög góðar, 96 manns sóttu námskeiðin. Sjá nánar í viðauka II.

## **7. Opnir fyrirlestrar og málþing**

Eitt verkefna stofnunarinnar hefur frá upphafi verið að skapa umræðu- og fræðsluvettvang fyrir fag- og áhugafólk um stjórnsýslu og stjórn mála. Sem fyrr var haldinn í þeim tilgangi fjöldi opinna fyrirlestra og málþinga um efni er líta að stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, ný lýðræðisform og þróun lýðræðis, alþjóðleg stjórn mála og þjóðfélagsþróun, fjölþjóðlegar stofnanir og lagaramma opinberra starfsemi. Margir erlendir fyrirlesarar tók þátt, auk innlendra fag- og fræðimanna. Á árinu 2006 voru haldin 19 málþing og opnir fyrirlestrar. Aðsókn var oftast góð og má áætla að a.m.k. 2000 manns hafi sótt einhvern þessara viðburða. Sjá yfirlit í viðauka I.

## **8. Endurmenntun fyrir opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga**

Skipulögð voru í samstarfi við Endurmenntunastofnun og Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg, Landspítala, Akureyrarbæ, forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, o.fl. 10 endurmenntunarnámskeið á vor- og haustmisseri 2006. Þátttakendur voru rúmlega 200 talsins, auk þátttakenda í fræðsluviðburðum samstarfsaðilanna. Námskeiðin fjölluðu annars vegar um mikilvæga þætti og nýmæli í stjórnun opinberra stofnana, en hins vegar um laga- og reglugerðaramma opinberra starfsemi. Sjá nánar viðauka II.

## **9. Verkefni fyrir stjórn málafræðiskor og félagsvísindadeild**

Eitt verkefna stofnunarinnar er að vinna eftir föngum ýmis þjónustuverkefni fyrir stjórn málafræðiskor, auk verkefna sem tengjast meistaranámi skórarinnar. Aðalþungi þeirra tengist meistaranámi í opinberri stjórnsýslu, þróun þess, kynningu, námsráðgjöf o.fl., eins og fram kemur hér að framan.

Meðal annarra verkefna má nefna kynningu á BA-námi í stjórn málafræði og forstöðumaður sat fh. félagsvísindadeildar í kynningarnefnd ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum sem starfaði í september og október. Sá hann um alla kynningu til samtaka þeirra sem útskrifast hafa úr félagsvísindadeild, auk þess til stofnana þar sem þeir eru líklegir til að starfa og/eða stofnana sem fást við efni sem tengjast rannsóknasviðum deildarinnar.

## **10. Fjármögnun á starfsemi Stofnunar stjórn málafræða og stjórn mála**

Föst framlög samstarfsaðila stofnunarinnar eru árlega 3.6 milljónir króna, auk starfsaðstöðu og almennrar umsýslu í Háskóla Íslands, sem kostar umtalsvert fé þó það sé ekki bókfært sérstaklega og því erfitt að meta það til fjár. Til viðbótar þarf að afla a.m.k. tæplega 5 milljóna til fasts kostnaðar, auk fjármögnunar allra verkefna. Tókst það á árinu 2006 og er reksturinn, sem fyrr í góðu jafnvægi.

### **Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2006**

Sem fyrr var haldinn nokkur fjöldi opinna fyrirlestra og málþinga í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og samtök. Margir erlendir fyrirlesarar tóku þátt, auk innlendra fag- og fræðimanna.

Opin málþing/ fyrirlestrar, kynningar á árinu 2006 voru alls 19 og gestir voru a.m.k. 2.000 manns. Þau eru hér flokkuð eftir eftirtöldum viðfangsefnum:

**Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri**  
**Íslensk stjórnsmál**  
**Alþjóðleg stjórnsmál og þjóffélagsþróun. Fjölbjóðlegar stofnanir**  
**Lagarammi opinberrar starfsemi**

## **Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri**

### **Heilbrigðisstefna og sameining sjúkrahúsa**

Opinn hádegisfyrirlestur 10. febrúar og endurtekinn 13. febrúar á Akureyri í samstarfi við heilbrigðisdeild H.A. Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, stjórnsýslufræðingur kynnti helstu niðurstöður dr. ritgerðar sinnar, sem fjallar um aðdraganda að ákvörðun um sameiningu sjúkrahúsa í Reykjavík (Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala árið 2000) og Lundúnum (St. Thomas's and Guy's hospitals árið 1995), "Health Policy and Hospital Mergers: How the impossible became possible".  
Fundarstjóri Margrét S. Björnsdóttir.

### **Heilbrigðisstefna til framtíðar- á hvaða leið erum við?**

Kynningar- og umræðufundur 10. mars kl. 14.00-17.00. Að fundinum stóðu heilbrigðisráðuneyti, Landspítali-háskólasjúkrahús og þrjár stofnanir Háskóla Íslands; Stofnun stjórnsýslufræða, Hagfræðistofnun og Siðfræðistofnun. Tilefni hans voru nýjar niðurstöður tveggja nefnda sem báðar fjalla um þau grundvallaratriði og lagaramma sem íslensku heilbrigðiskerfi er ætlað að mótast af á komandi árum. Formenn nefndanna þær Jónína Bjartmarz alþingismaður og Guðríður Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu, kynntu helstu niðurstöður. Axel Hall sérfræðingur Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Þorkell Helgason fv. aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra og núverandi orkumálastjóri, fjölluðu stuttlega um nefndarálitin og þá framtíðarstefnu og -sýn sem í þeim felast.  
Fundarstjóri Pálmi V. Jónsson læknir og sviðsstjóri Landspítala- háskólasjúkrahúsi.

### **Hvernig getum við bætt ímynd stjórnsýslunnar gagnvart borgurunum?**

Málþing í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana 5. maí kl. 8.30 – 10.30. Fyrirlesarar Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur, umboðsmaður Alþingis og Erna Indriðadóttir MPA, verkefnisstjóri upplýsinga- og samfélagsmála hjá Alcoa, en hún er fv. fréttamaður og var stundakennari við H.Í. í almannatengslum opinberra stofnana. Pallborðsumræður; Brynjólfur Bjarnason forstjóri Símans, en það fyrirtæki hefur tekið miklum stakkaskiptum hvað þessi mál varðar eftir einkavæðingu þess, Elly Kartín Guðmundsdóttir sviðsstj. Umhverfissviðs Rvk.borgar, en því sviði tilheyrja fjölmörg verkefni þar sem reynir mjög á tengslin við íbúa, jafnt sem fyrirtæki borgarinnar og Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ, en þar eins og í fleiri sveitarfélögum hefur verið unnið að bættum tengslum við íbúana með margvíslegum hætti, td. með upplýsingaverkefninu Minn Garðabær, sem tryggja á beinan aðgang íbúa að stjórnsýslu bæjarins.  
Fundarstjóri Magnús Pétursson forstjóri Landspítala- háskólasjúkrahúss.

### **Pólítísk afskipti af skipunum æstu embættismanna og ráðningar hjá hinu opinbera**

Málþing 24. maí kl. 8.30 – 10.45 í tilefni af útkomu 2. tölublaðs Vefrits um Stjórnsmál og stjórnsýslu. Gunnar Helgi Kristinsson professor kynnti rannsókn sína um skipanir æstu embættismanna ríkisins sl. sex ár og að hve miklu leyti megi halda fram að þar hafi pólítísk sjónarmið haft áhrif; Pólítískar stöðuveitingar á Íslandi, hversu útbreiddar eru þær Auk hans fluttu erindi þeir; Ásmundur Helgason lögfræðingur, stundakennari í lagadeild H.Í. og í opinberri stjórnsýsl; Lagareglur um opinberar starfsveitingar, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson lektor og sérfræðingur í mannauðsstjórnun; Geta aðferðir mannauðsstjórnunar aukið gæði ráðninga hjá hinu opinbera? Gylfi og Ómar H. Kristmundsson lektor í stjórnsýslufræðum; Skipanir embættismanna í sögulegu og alþjóðlegu samhengi.

Fundarstjóri Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður.

### **Aðgerðir til að auka með mælanlegum hætti framleiðni og gæði í opinberri stjórnsýslu**

Málþing 6. október kl. 8.15-10.30 í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Finnar hafa á undanförunum árum vakið heimsathygli fyrir mikinn árangur á mörgum sviðum m.a. í ríkisrekstri, samkeppnishæfni, árangri í menntun og nýsköpun o.fl. Kynnt var reynsla Finna af verkefninu "Government

Productivity Action” 2003-2007, en í samanburði ESB á framleiðni í opinberum rekstri hefur Finnland mælt með bestan árangur.

Fyrirlesari; Heikki Jousti aðstoðarforstöðumaður stjórnsýsludeildar finnska fjármálaráðuneytisins og einn yfirmanna verkefnisins af hálfu þess. Málþinginu stýrði dr. Anna Lilja Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjárreiðna- og upplýsinga hjá LSH, en panelumræðum, Óli Jón Jónsson skrifstofustjóri stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðanda. Í pallborði voru ásamt honum Arnar Þór Mátsson frá fjármálaráðuneyti og Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneyti.

### **Opinberar stofnanir í orrahríð fjölmiðla**

Málþing 23. nóvember kl. 8.15-10.15 í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Á undanförunum árum hefur umræða og fjölmiðlun um opinberar stofnanir breyst mikið. Opinber fyrirtæki og stofnanir eru mun oftar gagnrýnd en áður Auknar kröfur eru um gagnsæi og upplýsingar. Fjölmiðlar, hagsmunaaðilar, almennir borgarar og starfsmenn stofnana eiga frumkvæði að opinberri umræðu um viðfangsefni og starfshætti stofnana. Þetta hefur í för með sér að stofnanir og fyrirtæki í opinberri umræðu um þurfa að vera betur undir það búin að eiga samskipti við fjölmiðla og taka þátt umræðu í þjóðféluginu. Um þetta var fjallað; fyrirlesarar voru Friðrik Sophusson forstjóri Landsvirkjunar og Magnús Pétursson forstjóri Landsspítala - háskólasjúkrahúss. Ásamt þeim sátu í pallborði þau Elín Hirst fréttastjóri og Gunnar Steinn Pálsson markaðs- og kynningarráðgjafi Fundarstjóri Berglind Ásgeirsdóttir sendiherra.

### **Opinn fundur, kynning höfunda á efni 3ja tölublaðs vefrísins Stjórnsmál og stjórnsýsla**

14. desember kl. 16:30 var opinn kynningarfundur og móttaka í tilefni af útkomu þriðja tölublaðs þar sem höfundar ritrýndu greinanna kynntu stuttlega efni og helstu niðurstöður sinna greina. Ritryndu greinarnar fjölluðu um verkföll á íslenskum vinnumarkaði, íslenskt skatta og velferðarkerfi, stöðu og vald ráðherra og íslenska utanríkisstefnu. Höfundar eru Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson lektor, Stefán Ólafsson prófessor og Baldur Þórhallsson prófessor.

## **Íslensk stjórnsmál**

### **Ógnuðu þeir öryggi ríkisins?**

Opinn umræðufundur 7. desember kl. 12.00-13.15 í tilefni útkomu bókar Guðna Th. Jóhannessonar - Óvinir ríkisins. Viðfangsefni bókarinnar ræddu höfundurinn Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, ásamt Einar Kr. Guðfinnssyni alþingismanni og ráðherra og Jóni Baldvin Hannibalssyni fv. ráðherra og gestakennara við stjórnsmálafræðiskor H.Í.

Fundarstjóri Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnsmálafræði.

## **Alþjóðleg stjórnsmál og þjóðfélagsþróun. Fjölpjóðlegar stofnanir**

### **Áhrif eða áhrifaleysi Íslands á reglusetningu Evrópusambandsins, ákvarðanir og stefnumótun innan ESB**

Opinn fundur 6. janúar kl. 12.00-13.15 í samstarfi við Evrópusamtökin. Eitt lykilatefni í umræðum um það hvort Ísland eigi erindi inni Evrópusambandið er spurningin um áhrif á reglusetningu ESB og þar með Evrópska efnahagssvæðisins. Í fyrirlestrinum fjallaði Daði Einarsson stjórnsýslufræðingur sem starfar innan framkvæmdastjórnar ESB, um þetta atriði. Hann byggði m.a. á sinni reynslu, en undanfarin tvö ár hefur hann starfað hjá ESB sem sérfræðingur í lýðheilsumálum.

Fundarstjóri Andrés Pétursson formaður Evrópusamtakanna

### **Slóvenía; Frá kommúnisma til frjálslynds lýðræðis**

Opinn fyrirlestur 24. febrúar kl. 12.15 – 13.30. Í maí 2004 gekk Slóvenía í Evrópusambandið. Sá atburður markaði lok þrettán ára umbreytingaskeiðs þessa nyrsta ríkis fyrrum Júgóslavíu, en á þeim tíma urðu gagngerar breytingar á nær öllum sviðum þess; félagslega, efnahagslega og stjórnsmálalega. Fyrirlesari var Jerney Pikalo

kennari í stjórnmálafræðum við Háskólann í Ljubljana í Slóveníu. Hann er höfundur bókarinnar *Neoliberal Globalisation and the State* (ZPS, 2003) og aðstoðarráttgjafi *Journal of International Relations and Development* (published by Palgrave). Fundarstjóri var Margrét S. Björnsdóttir.

### **"Við eigum val um öðruvísi veröld" - World Social Forum 2006 í Malí, V-Afríku**

Opinn fyrirlestur og myndasýning 29. mars kl. 12.15 - 13.15. Fyrirlesarar Malífaranir og alþjóðasamskiptanemarnir Alstair Grétarsson og Halla Gunnarsdóttir. Þau sögðu frá því sem þar fór fram, en skuldir fátækra Afríkurríkja, kvenréttindi í þróunarlöndum, enduruppbygging alþjóðastofnana, einkavæðingin, nýfrjálshyggjan, feðraveldið og umhverfið voru meðal umræðuefna þar. Um 30 þúsund manns sóttu samkomuna í Malí.

### **Frá Írak til Íran - Borgarastyrjöld og kjarnorkuvá?**

Opinn fyrirlestur 30. mars kl. 12.15 – 13.15. Þar var ma. spurt: Hvaða þætti ber að hafa í huga þegar staðan í Írak og Íran er metin? Gefur það rétta mynd af ástandinu að segja að borgarastyrjöld geisi í Írak? Eru Íranir að þróa kjarnorkuvopn og hvaða afleiðingar gæti það haft á öryggismál almennt í heiminum? Fyrirlesari dr. Magnús Þorkell Bernharðsson nýráðinn gistikennari í alþjóðasamskiptanámi H.Í. og lektor í nútímasögu Mið austurlanda við Williams háskóla í Bandaríkjunum.

### **Þróun reglna alþjóðasamfélagsins um valdbeitingu; tilraunir til að hefta útbreiðslu geryðingavopna; umbætur í starfi Sameinuðu þjóðanna**

Opinn fyrirlestur 7. apríl kl. 12.00-13.30/14.00 í samvinnu við Sendiráð Svíþjóðar og félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Fyrirlesarinn dr. Hans Blix ræddi um þrjú tengd efni og áhrif þeirra á stöðu mála í heiminum í dag; Hvernig hafa reglur alþjóðasamfélagsins um valdbeitingu þróast. Hvað hefur verið gert og hvað er að gerast varðandi tilraunir til að hefta útbreiðslu og eyða geryðingavopnum- kjarnorkuvopnum, efna- og lífrækni vopnum og loks mun hann fjalla um umbætur Sameinuðu þjóðanna á liðnum árum." Auk þess hélt dr. Hans Blix málstofu fyrir meistaranemendur Háskóla Íslands í alþjóðasamskiptum, þar sem reynsla og hlutverk Blix sem yfirmanns vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna í Írak var greind og rædd í ljósi kenninga um samningatækni í alþjóðasamskiptum. Dr. Hans Blix er formaður nefndar gegn geryðingaevopnum (WMDC), hann er fyrrverandi utanríkisráðherra Svíþjóðar, fyrrverandi yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna (UNMOVIC) og fyrrverandi aðalforstjóri Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA). Fundarstjóri Brynhildur Ólafsdóttir forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar H.Í. og yfirm. erlendra fréttu hjá NFS.

### **Hvernig geta konur leitað réttar síns í klerkaveldinu Íran?**

Opin myndasýning og umræður 20. september kl. 20.00-22.30, í samstarfi við stjórnmálafræðiskor. Sýnd var og rædd athyglisverð heimildamynd um stöðu íranskra kvenna. Umræðum stýrði dr. Magnús Þorkell Bernharðsson. Í myndinni "Divorce Iranian Style" (1998) er fylgst með konum í Íran, sem sækjast eftir lögskilnaði við eiginmenn sína. Myndin veitir góða innsýn í íranskt samfélag, um réttarfarið þar og stöðu kvenna. Frá árinu 1979 eða þegar íslamska byltingin átti sér stað í Íran, hafa ákvæði sjaríá laganna um hjúskaparrétt verið í gildi í Íran. Í því kerfi er konum sniðinn þröngur stakkur, ef þær vilja losna úr hjónabandi.

### **Hvað ef Bretar ganga úr Evrópusambandinu?**

Opinn fundur 5. október kl. 12.10 – 13.15 í samstarfi við Heimssýn, hreyfingu sálftæðissinna í Evrópumálum. Fyrirlesarinn Christopher Heaton-Harris, þingmaður breska Íhaldsflokksins á þingi Evrópusambandsins, fór yfir spurningarnar; Hvers vegna gætir mikillar andstöðu meðal Breta við Evrópusambandið og hvaða ástæður liggja þar helst til grundvallar? Er líklegt að Bretar kunni að ganga úr sambandinu á komandi árum? Hvað tæki þá við hjá þeim og hvaða áhrif hefði það á stöðu Íslands? Christopher Heaton-Harris var fyrst kjörinn á Evrópusambandsþingið árið 1999 og síðan endurkjörinn 2004. Hann á sæti í þeirri nefnd þingsins sem fjallar um málefni innri markaðar Evrópusambandsins auk nefndar sem hefur með samskipti sambandsins við ríki Suður-Ameríku að gera.

### **Áhrif leiðtogafundarins í Höfða 1986 á lok kalda stríðsins. Hvað segja nýbirt skjöl úr rússneskum og bandarískum ríkisskjalasöfnum okkur um fundinn?**

Opíð málþing 13. október í samstarfi við Reykjavíkurborg og Ícelandair í tilefni af því að tuttugu ár voru liðin frá því að leiðtogafundur Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta og Mikhails Gorbachev Sovétleiðtoga var haldinn

í Höfða þann 11. og 12. október 1986. Ávörp fluttu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Kynntar voru rannsóknir þriggja fræðimanna á niðurstöðum nýbirtra skjala ríkjanna tveggja um áhrif fundarins á tengsl stórveldanna og þessara tveggja forystumanna. Fyrirlesarar voru William Taubman professor sem nú vinnur að ævisögu Gorbachevs, en hann hlaut Pulitzer-verðlaun árið 2004 fyrir ævisögu Nikita Krusjeff; fyrirlestur hans nefndist The Role of the Reykjavík Summit in Mikhail Gorbachev's Biography og Svetlana Savranskaya forstöðumaður verkefna hjá National Security Archive við George Washington University. Hún stýrir samstarfi þess við rússnesk skjalasöfn og er ritstjóri gagnasafns NSA um fyrrum Austurblokkina og hefur nýlokið rannsókn á rússneskum stjórnarskjölum um leiðtogafundinn 1986; hennar fyrirlestur nefndist; A Breakthrough to Trust: Reykjavik as a Milestone in U.S. Soviet Relations og loks Thomas Blanton forstöðumaður National Security Archive við George Washington University, sem hefur rannsakað bandarísk skjöl frá Höfðafundinum; hans fyrirlestur nefndist; Reagan and Reykjavik: How Close to Nuclear Abolition? Í lokin voru niðurstöður þeirra ræddar í pallborði undir stjórn Vals Ingimundarsonar prófessors.

## **Lagarammi opinberrar starfsemi**

### **Hlutfélagavæðing opinberrar starfsemi – kostir og gallar**

Málþing 31. október kl. 8.15-10.15 í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Farið var yfir kosti og galla hlutfélagaformsins í opinberri starfsemi og það borið saman við hefðbundið form opinbers rekstrar. Fyrirlesarar Arnar Þór Mátsson, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og aðjúntur við stjórn málafræðiskor HÍ, Páll Magnússon útvarpsstjóri og Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matvísiss ehf. Fundarstjóri Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri.

### **Tjáningafrelsi opinberra starfsmanna og hollustuskylda þeirra**

Haukmálþing Íslandsdeildar norræna stjórnsýslusambandsins í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða, þann 16. nóvember kl. 15.00-18.00. Opinberir starfsmenn njóta tjáningarfrelsis eins og aðrir, á móti kemur að lagt er til grundvallar í íslenskum rétti að hollustuskylda hvíli á opinberum starfsmönnum gagnvart vinnuveitanda sínum. Þá eru opinberir starfsmenn að jafnaði bundnir þagnarskyldu um störf sín. Á málstofunni var leitast við að varpa ljósi á þá togstreitu sem þetta kann að skapa. Fyrirlestra fluttu; Ragnhildur Helgadóttir prófessor H.R.; um réttarstöðu opinberra starfsmanna, Þorkell Helgason orkumálastjóri; frá sjónarhóli stjórnanda í opinberri stofnun og Sigríður Dögg Auðunsdóttir blaðamaður; út frá þeirri skyldu fjölmiðla að upplýsa um starfsemi hins opinbera og gæta hagsmuna almennings. Fundarstjóri Björg Thorarensen prófessor.

## **Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið og fræðslufundi ársins 2006**

Sem fyrr voru haldin endurmenntunarnámskeið og fræðslufyrirlestrar í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og samtök.

Haldin voru 10 lengri og styttri námskeið í samstarfi við Endurmenntun Háskólans, félagsmála-, fjármála- og forætisráðuneyti, Lagastofnun H.Í., Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Reykjavíkurborg, LSH, Akureyrarbæ . Hátt rúmlega hundruð manns sóttu námskeiðin, auk þeirra sem sóttu viðburði LSH, Reykjavíkurborgar og félagsmálaráðuneytisins.

### **Hvernig getur þú metið og bætt stjórnunarhætti í þinni stofnun? - Ný handbók um stjórnunarmat í opinberum rekstri**

Haldið í Reykjavík 25. apríl kl. 8:30-12:30. og 27. nóvember og 21. september á Akureyri. Þátttakendur voru alls um 90 manns.

Farið var yfir það gagn sem stjórnunarmat getur gert en um leið þann vanda sem varast ber í framkvæmd þess. Þátttakendur fengu í hendur nýja handbók, „Stjórnunarmat hjá opinberum stofnunum – grundvöllur umræðu og þróunar“. Í henni eru vel útfærðar leiðbeiningar um undirbúning, framkvæmd (þ.á m. spurningalistar) og eftirfylgni stjórnendamats. Með aðstoð handbókarinnar geta stjórnendur eða starfsmannastjórar framkvæmt mat innan eigin stofnunar.

Kennarar: Dr. Ómar H. Kristmundsson, dósent í stjórnsýslufræðum við H.Í. og Margrét S.

Þjónsdóttir forstöðumaður stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og stundakennari í MPA-námi stjórn málafræðiskorar.

### **Stjórnsýsluréttur fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkisins; ráðuneyta og stofnana**

Haldið í samstarfi við forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Lagastofnun H.Í. Námskeið um stjórnsýslulög og stjórnsýslurétt fyrir þá starfsmenn ríkisins, sem koma að meðferð mála og undirbúningi ákvarðana í stjórnsýslunni.

19. september - 27. október. Kenni í alls 54 kennslustundir, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.15 -16.00.

Þátttakendur voru 47 manns.

Fyrirlesarar: Páll Hreinsson prófessor, Róbert Spanó dósent, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis og Trausti Fannar Valsson dr. nemi og stundakennari við lagadeild.

### **Fimm námskeið eða fræðslufyrirlestrar Mike Richardson í samstarfi við ýmsa aðila:**

#### **1. Hvernig næst afburða árangur í stjórnun hjá opinberum aðilum? (Keys to excellence in public sector management)**

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í.

Tími: Mán. 18. og þri. 19. sept. kl. 8.30-16.00

Þátttakendur voru 21.

Kennari: Mike Richardson hefur komið hingað til lands áður sem ráðgjafi og leiðbeinandi hjá Reykjavíkurborg, Reykjanesbæ og kennari hjá Endurmenntun HÍ árin 2004 og 2005. Mike var framkvæmdastjóri borgarinnar Christchurch á Nýja Sjálandi á árunum 1992-2002. Borgin vann til margvíslegra verðlauna fyrir árangur og brautryðjendastarf og hefur verið talin í fremstu röð vel rekinna borga. Áhersla var mikil á innra starf sveitarfélagsins undir forystu Mike Richardson. Hann lauk námi frá Cambridge University í hagfræði og félagsfræðum 1973 og í skipulagsfræðum frá Sheffield University 1975. Hann hefur verið ráðgjafi fjölmargra opinberra aðila víðs vegar um heiminn, m.a. WHO, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, um stjórnkerfi borga í Suðaustur-Asíu og er eftirsóttur gestafyrirlesari um umbætur í opinberri stjórnsýslu.

#### **2. Stjórnun/félagsauður**

Fræðsludagskrá þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir sína stjórnendur. Mike Richardson fjallaði um stjórnun og félagsauð og byggði á námskeiði fyrir lykilstjórnendur á þjónustu- og rekstrarsviði sem haldið

var ári áður. Hann leggur áherslu á að sífellt sé hægt að gera betur - með því að hlusta á notendur, aðra stjórnendur, samstarfsfólk o.fl.  
20. september kl. 9.00 - 16.30.

### **3. Hvernig bætum við árangur okkar í stjórnun og samskiptum innan okkar deilda og sviða á LSH?**

Fræðslufundur fyrir starfsfólk Landspítala-háskólasjúkrahúss 21. september 8.15-10.30 um atriði sem geta stuðlað að bættum samskiptum, bættri stjórnun og þar með árangri í opinberum stofnunum.  
Fyrirlesari; Mike Richardson.

### **4. The challenge of securing collaboration between agencies**

Fræðslufundur fyrir yfirmenn stofnana og stjórnendur félagsmálaráðuneytisins  
21. sept. 16-00-18.00  
Kennari: Mike Richardson ráðgjafi frá Nýja Sjálandi.  
Þátttakendur voru 30.

### **5. “Building a values-based culture in public sector organisations”**

Opinn fræðslu fyrirlestur fyrir nemendur, kennara ofl. í opinberri stjórnsýslu við H.Í.  
22. sept. kl. 12.10- 13.30.  
Þátttakendur voru 25.

### **Stjórnsýsluréttur fyrir starfsmenn í stjórnsýslu sveitarfélaga**

3. nóvember -12. desember var í fyrsta skipti og fyrir frumkvæði og í samstarfi við þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar, haldið sex vikna námskeið um stjórnsýslulögin og stjórnsýslurétt, sem sérstaklega var ætlað starfsmönnum sveitarfélaga, sem koma að meðferð mála og undirbúningi ákvarðana.  
Þátttakendur voru alls 49, 36 frá Reykjavíkurborg og 13 frá öðrum sveitarfélögum.  
Umsjónarmaður var Páll Hreinsson lagaprófessor við HÍ. Kennarar auk hans Róbert R. Spanó dósent H.Í., Trausti Fannar Valsson cand. jur., stundakennari við Lagadeild H.Í. og í opinberri stjórnsýslu MPA-námi og doktorsnemi í sveitarstjórnarrétti við Lagadeild Háskóla Íslands, Þórður Sveinsson lögfræðingur hjá Persónuvernd og Kjartan Bjarni Bjarnason lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis og Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis.  
Kenndar voru 54 kennslustundir, þriðjudaga og föstudaga kl. 13.15 - 16.00.